



júní 2025



Júní 2025. Blað nr. 350  
THE LION IN ICELANDIC  
Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: [lions@lions.is](mailto:lions@lions.is)

Heimasíða Lions: [lions.is](http://lions.is)


Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



Fjölumðæmisstjórn:



Geirbrúður Fanney Bogadóttir, fjölumðæmisstjóri. Geirbrúður er félagi í Lionsklúbbum Æsa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: [gfbogadottir@gmail.com](mailto:gfbogadottir@gmail.com)



Inga Lóa Steinarsdóttir, umðæmisstjóri í 109 A. Inga Lóa er félagi í Lionsklúbbum Freyju og er með tölvupóstfangið [ingaloo75@simmet.is](mailto:ingaloo75@simmet.is)



Sumarliði Ásgeirsson, umðæmisstjóri 109B. Sumarliði er félagi í Lionsklúbbs Stykkishólms. Netfang Sumarliða er [fimmfiskar@gmail.com](mailto:fimmfiskar@gmail.com)

## FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

### Starfsárið 2024–2025

Fjölumðæmisstjóri: Geirbrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

Umdæmisstjóri 109A: Inga Lóa

Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Umdæmisstjóri 109B: Sumarliði

Ásgeirsson, Lkl. Stykkishólms

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

Vara fjölumðæmisstjóri: Anna Fr.

Blöndal, Lkl. Ylfa

Protokol- og þingstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Theodór

Francis Birgisson, Lkl. Selfoss

Umhverfisstjóri: Dagný Finnsdóttir,

Lkl. Úa

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

Netstjóri: Sigfríður Guðmundsdóttir,

Lkl. Kiddi (.is)

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri (félagamál): Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr

GST stjóri: (verkefni) Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

GET stjóri: (útbreiðslumál) Kristófer

Tómasson, Lkl. Geysir

NSR-AU nefndarmaður: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

NSR Coordinator: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. Alþjóða-

stjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar

ID Alþjóðastjórnarmaður 2023-2025:

Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbjörn

Heiðursjóður Guðrúnar

Bjartar(formaður): Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Laganevnd (form.): Eldjárn Árnason,

Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björnt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarrson,

Lkl. Fjörgyn

Rauðu fjarðar stjóri: Baldur Ingi

Karlsson, Lkl. Hængur

Formaður Kjaransorðunefndar.

Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Sigrún

Ólafsdóttir, Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K.

Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumðæmisstjóri 109A: Thelma Rós

Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Varaumðæmisstjóri 109B: Aðalsteinn

Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Einar

Hilmarrson, Lkl. Laugardæla

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

### Frankvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2024 – 2025:

Alþjóðaförseti Fabrício Oliveira, Brazil;

Fyrrverandi alþjóðaförseti Dr. Patti Hill,

Canada;

Vara alþjóðaförseti, A.P. Singh, India;

Annar vara alþjóðaförseti Mark S. Lyon,

United States;

Þriðji vara alþjóðaförseti Dr. Manoj

Shah, Kenya.

### Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Balkrishna Burlakoti, Nepal;

Feng-Chi Chen, China Taiwan;

Marie T. Cunning, USA;

Marcel Daniëls, Belgium;

Luis Jesus Castillo Gamboa, Panamá;

Babu Rao Ghattamaneni, India;

Masashi Hamano, Japan;

Edwin Guy Hollander, USA;

Sung-Gil Jung, Republic of Korea;

Halldór Kristjánsson, Ísland;

Danyal Kubin, Türkiye;

John Allen Lawrence, USA;

Steven Middlemiss, USA;

Hans J. Neidhardt, USA;

Joanne Ogden, Canada;  
Anthony Paradiso, USA;  
Katsuki Shirotsaka, Japan.

### Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Raj Kumar Agarwal, India;

Guy-Bernard Brami, France;

Dr. Karl Brewi, Austria;

Debbie Cantrell, USA;

Chris Carlone, USA;

Luis Augusto David Caro Chong, Peru;

Dato' Yeow Wah Chin, Malaysia;

Lorena Hus, Slovenia; Ea-Up Kim,

Republic of Korea;

S. Magesh, India;

Robert "Ski" Marcinkowski, USA;

Pankaj Mehta, India;

Bert Nelson, USA;

Ramesh C. Prajapati, India;

Princess Bridget Adetope Iychus,

Nigeria;

Graeme John Wilson, New Zealand;

David Wineman, USA;

Dong Zhao, China.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.  
Forsíðumynd: Forsíðumynd tók Skarphéðinn Bergmann Jónsson af landsþingi Lions á Íslandi í Ólafsvík.

## Ritstjórnargrein



Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er sjötta og síðasta tölublað þessa starfsárs komið út. Þetta blað er bæði prentað og netblað.

Margar áhugaverðar greinar eru í þessu blaði sem ég hvet ykkur til að lesa og má nefna grein fjölumðæmisstjóra sem og Halldórs alþjóðastjórnarmanns. Eins eru margar greinar frá klúbbum þar sem árið er jafnvel gert upp.

Ég hvet alla nýja stjórnarmenn í klúbbum á Íslandi sem og nýja embættismenn að taka upp pennann frá forverum sínum og setja sér það markmið að skrifa í lionsblaðið á næsta starfsári. Þetta er blaðið okkar sem fjallar nær eingöngu um málefni Lions bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Þeir sem sendu greinar í blaðið þakka ég fyrir þeirra framlag og eins öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Ég óska öllum lionsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars og hlakka til að vinna með ykkur á næsta starfsári.

Vinsamlegast sendið greinar á netfang okkar ásamt myndum.

Netfang Lionsblaðsins er: [lionsbladi@lions.is](mailto:lionsbladi@lions.is)

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

# „Göngum lengra en krafist er“

## Pistill Alþjóðaforseta



Kæru lionsfélagar,  
„Við leggjum lið“ er meira en einkunnarorð. Það er lífsstefna fyrir lionsfélaga og endurspeglar það hlutverk sem við gegnum í samfélaginu. Lionshreyfingin er þekkt fyrir skuldbindingu sína, þjónustu og góðvild — fyrir að gera meira en ætlast er til fyrir þá sem þurfa á hjálp að halda.

Við skulum því halda áfram að gera það sem við gerum best: þjóna samfélögum okkar af samkennd, sköpunargleði og einlægni. Munið — með fleiri meðlimum getum við náð lengra og haft meiri áhrif. Þjóðið öðrum að ganga til liðs við klúbbinn ykkar og taka þátt í þessu ótrúlega starfi sem þið innið af hendi. Þetta er leiðin til að skilja eftir okkur spor og halda áfram að þjóna þeim sem þurfa mest á okkur að halda.

Hvert verkefni sem við klárum, hver einasti einstaklingur sem við hjálpum og hver nýr félagi sem við bjóðum velkominn styrkir þá arfleifð þjónustu sem við höfum byggt upp saman. Höldum áfram að hvetja hvert annað til að vera virkir þátttakendur svo við getum áfram sýnt heiminum hvað það þýðir að vera lionsfélagar.

Til þjónustu reiðubúinn

**Fabrício Oliveira**

*International President, Lions Clubs International*

*Þýðing: Þorkell Cýrusson*



## Umdæmsistjóri 109 A

Inga Lóa Steinarsdóttir,

umdæmsistjóri 109A



Kæru lionsfélagar.

Ég vil byrja á því að þakka ykkur öllum Lions félögum innilega fyrir það einstaka tækifæri sem mér hefur hlotnast að starfa með ykkur. Það hefur verið bæði heiður og ánægja að vera partur af þessum kraftmikla hóp sjálfbóðaliða sem leggur sig fram af heilum hug fyrir betra samfélagi.

Samstarfið hefur verið drifið áfram af heilum hug fyrir samfélagið og sameiginlegri hugsjón um að láta gott af okkur leiða og eins og alþjóðforsetinn okkar, Fabrício Oliver, segir setja mark okkar á starfið eða „Make your mark“.

Ég man þegar ég byrjaði í þessari vegferð þá hélt að ég að allir klúbbbar væru eins og allir að gera svipað en annað hefur komið á daginn. Hver klúbbur er rótróinn í sínu samfélagi og starfar af virðingu fyrir aðstæðum og þörfum á hverju stað fyrir sig.

Ég er afar þakklát fyrir þetta umdæmsstjóra ferðalag – fyrir stuðninginn, vináttuna og það traust sem mér hefur verið sýnt. Þetta hefur verið einstakt tækifæri fyrir mig til að vaxa bæði sem einstaklingur dýpka þekkingu mína á öllu starfinu og verkefnum sem við sinnum. Og verð ég alltaf jafn klökk að sjá og finna fyrir hversu megnuð þessi Lions fjölskyldan er. Þó svo að félagaþjónunin er ekki í hæstu hæðum þá hefur það ekki haft nein áhrif á starfið okkar fyrir samfélagið, við brettum bara enn frekar upp ernalar og látum hlutina ganga, svona er Lions hjartað okkar sterkt.

Kæru vinir, nú er styttest í að starfsárið sé senn á enda. Ég fer óendanlega þakklát frá

borði, þó svo að allt hafi ekki farið eins og það átti að fara, ennþá verkefni á verkefnalistanum og löngunin að hafa getað og gert betur er til staðar. En margt hefur verið gert, fyrsti netklúbburinn stofnaður annar í bígerð, fleiri tugir nýir félagar, ný verkefni í bígerð, frekari samstarf við Norðurlöndin við að verða betri í að kynna starf okkar á samfélagsmiðlunum og margt fleira.

Það sem ég mun koma til með að sakna mest eftir þessi ár er að koma í heimsókn til ykkar og fá innblástur, sjá gleðina, kynnast félögum betur og heyra hvað þið ætlið að taka upp á á komandi starfsári.

Megi sumarið verða ykkur ljúft og farsælt og við sjáumst hress í haust.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 28. ágúst

## Kveðja umdæmisstjóra 109B

Sumarliði Ásgeirsson,

Umdæmisstjóri 109 B




Umdæmisstjóraárið mitt var fljótt að líða og mikið hefði ég viljað gera meira, en "svo lengi lærir sem lifir".

Heimsóknir í klúbba og svæðisfundir hafa kennt mér mikið um Lions og námið á vegum Lions International fyrir svæðisstjóran er upplifun sem ég hefði ekki viljað missa af fyrir nokkurn mun. Þetta ferðalag sem hófst fyrir tveimur árum með símtali frá Baldri Inga á Akureyri átti eftir að hafa mikil áhrif á mitt líf. Vinskapurinn við Geirþrúði Fjöllumdæmisstjóra og Ingu Lóu Umdæmisstjóra er mér mikilvægur því við áttum símtöl og Zoom fundi nánast hálfsmánaðarlega í tvö ár þegar við höfum þessa vegferð sem "varamenn" í Rauðufjaðrarnefnd og við fengum að undirbúa fyrir kosninguna á Seltjarnarnesi á 69. Landsþingi Lions. Þar voru það Pieta samtökin sem voru valin og afhenti Baldur Ingi framkvæmdastjóri Rauðufjaðrarnefndarinnar Pieta samtökunum rausnarlega ávísun á þinginu í Ólafsvík.

70. þing Lion var haldið í Ólafsvík og það verður að taka hattinn ofan fyrir Ólsurum því framkvæmdin var alveg til fyrirmyndar þannig að hvergi bar skugga á. Við í 109 B erum stolt af okkar fólki í Ólafsvík. Bryddað var upp á nýjungum á þinginu. Sem dæmi má nefna að það var í boði ís fyrir alla, poppvél var á staðnum og nýi bakgrunns veggurinn með Lions „loginu“ var óspart notaður í myndatöku og hann verður örugglega notaður um ókomna framtíð í kynningar- og markaðsmálum okkar í Lion.

Norðurlandasamstarfið er mikilvægt og er vettvangur NSR frábær til að styrkja það samstarf. Hefðir eru mikilvægar og má nefna sem dæmi að það að fara sem fulltrúi Lions á Íslandi á þing Norðurlandanna er heiður og upplifun. Ég var sendur til Noregs í maí 2024



og fer núna í júní til Danmerkur og hlakkar mig mikið til.

Tveir forsetar Patti Hill og Fabricio Oliveira komu til Íslands og fékk ég kynna aðeins þessum möggnuðu einstaklinginum sem að vinna fyrir Lion.

Vissulega er tregi þegar litið er í baksýnis-spegillinn, en framtíðin er björt. Það er námskeið í Póllandi í júní, "MISSION 1.5 Summit" þar sem verður farið í saumana á atakinu Mission 1.5 til að við getum náð betri árangri í fjölgun félaga.

Það minnir mig á annað því þegar ég í kveð í lok júní og Aðalsteinn tekur við keflinu og Sigríður Friðriks verður varaumdæmisstjóri þá er staða annars varaumdæmisstjóra ennþá laus. Á næsta starfsári hjá Lions mun ég svo

gegna embætti Útbreiðslustjóra "GET" og ég hlakka mikið til þess að takast á við það verkefni.

Það er enginn einn í starfi umdæmisstjóra og það eru margir sem hafa stutt mig með ráðum og dádum. Ég ætla ekki telja upp hér einhverja nafnasúpu en við í Lions eigum mikið af góðu og færu fólki en ég vil nefna hér Geirþrúði Fjöllumdæmisstjóra sem þekkir hreinlega alla í Lions, það er staðreynd, Önnu Blöndal sem er ávallt tilbúin með góð ráð og það er ómetanlegt að eiga hana að vini. Inga Lóa Steinarsdóttir takk fyrir ánægjulegt samstarf síðastliðin tvö ár, það hefur verið algerlega frábært að starfa með þér og það er þannig sem við „tækludum“ þetta starf, samstarf".

## Kveðjur frá íslenska LCIF teyminu



Myndin er af Kili for Kid's hópnum sem fór í leiðangur á Everest í apríl s.l. til að safna fé fyrir skóla í Tansaníu fyrir Albino krakka – tvær konur náðu á toppinn en það var auðvitað allur hópinn sem gerði það mögulegt. <https://www.facebook.com/NewVoicesK4K>

Kæru lionsfélagar  
Við viljum byrja á að þakka kærlega þeim félögum og klúbbum sem hafa styrkt Alþjóðahjálparsjóðinn með framlögum sem fara til mannúðarverkefna víða um heim.

Því miður fer þörf fyrir mannúðaraðstoð sjóðsins vaxandi. Verkefni vegna náttúruhamfara og því miður allt of mörg vegna illsku mannanna, græðgi og heimsku. Önnur vegna sjúkdóma, fátæktar og skorts á menntun, aðgangi að heilbrigðisþjónustu og hreinlæti.

Við getum kannski ekki öll klifið Everest til hjálpar en getum sannarlega lagt í púkkið á annan hátt.

Alþjóðahjálparsjóðurinn styður einnig fjölmörg verkefni í samstarfi við Alþjóðahheilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO) þar sem ekki eru lionsklúbbar til að taka við fjármunum og stýra verkefnum.

Í lok starfsárs gerum við gjarnan upp árangur í ljósi markmiða sem sett voru í upphafi þess. Við í LCIF teyminu settum okkur þau markmið að framlög Fjöllumdæmis 109 til Alþjóðahjálparsjóðsins yrðu 50\$ á hvern lionsfélag. Því miður lítur út fyrir að árangurinn verði langt undir þeim markmiðum – eða undir 30\$.

Einnig settum við okkur það markmið að allir klúbbar settu framlag í sjóðinn – í gegnum

Úkraínuverkefnið, með Melvin Jones viðurkenningum eða með framlögum í verkefnasjóð LCIF. Það markmið hefur heldur ekki náðst – núna um miðjan maí er þátttaka klúbba 56% sem er heldur lakara en á síðasta ári.

En við erum óforbetranlega hjartsýn vonumst við til að kúrsinn muni réttast aðeins af á þeim mánuði sem eftir lifir af starfsárinu.

**Enn og aftur hjartans þakkir fyrir þau framlög sem hafa borist sjóðnum og njótið sumarsins.**

*Björn, Geirþrúður og Anna.*

## Nýir lionsfélagar

Lionsklúbburinn Úa  
Ásdís Geirsdóttir  
Aðalbjörg Þorkelsdóttir

# Ávarp fjölumðæmisstjóra

70. þing Lions á Íslandi var haldið í Ólafsvík dagana 25. – 26. apríl s.l.

Geirprúður Fanney Bogadóttir,

Fjölumðæmisstjóri MD 109



Hringt var inn í lionsskólana snemma morguns föstudaginn 25. apríl og það var ánægjulegt að sjá þéttsetna bekki í formanna-, ritara- og gjaldkeraskólunum. Það var fámennara en góðmennt í svæðisstjóráskólanum en makarnir sprengdu öll aðsóknarnet því alls sóttu 25 makar hinn svokallaða „makaskóla“.

Eftir gott spjall yfir dásamlegum hádegisverði var haldið í skruðgöngu undir öruggum trommuslætti 9 ára gamals tónlistarnemanda sem svo sannarlega á framtíðina fyrir sér. Lionsfélagar í Ólafsvík höfðu notað tækifærið í blíðviðrinu nokkrum dögum fyrr og málað „regnbogagötu“ og þar var stoppað fyrir myndatökur.

Á setningarhátíðinni flutti Halldór Kristjánsson, alþjóðastjórnarmaður, kveðju frá Fabrício Oliveira, alþjóðaforseta. Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna og þakkaði Lionsklúbbunum fyrir þeirra ómetanlega starf í þágu samfélagsins. Egon Björn Andersen, starfandi fjölumðæmisstjóri Danmerkur, flutti kveðju fyrir hönd Norðurlandanna. Hann ræddi um mikilvægi NSR og þakkaði fyrir að fá að sitja þingið. Jóhanna Jóhannesdóttir, Lkl. Rán, las siðareglur Lions og að lokum tóku viðstaddir vel undir í Lionssöngnum, við undirleik Þorkels Cýrussonar. Þá var þinghaldi frestað en umdæmisþingunum svo framhaldið að loknu kaffihléi.

Kynningarkvöldið var haldið í veiðarfærageymslu sem búið var að skreyta skemmtilega. Boðið var upp á djúpsteiktan fisk og franskar og Parma hélt uppi miklu stuði.

Á laugardeginum var fjölumðæmisþinginu framhaldið. Eftir kjör embættismanna þingsins



flutti Halldór Kristjánsson, alþjóðastjórnarmaður, ávarp. Halldór sagði okkur m.a. frá þeim fjölbreyttu verkefnum sem koma á borð alþjóðastjórnar og að þann 30. júní n.k. lyki tveggja ára tímabili hans sem alþjóðastjórnarmaður.

Að loknu ávarpi Halldórs var honum og Jennýju, eiginkonu hans, færð gjöf frá Lions á Íslandi – blóm og handsmíðaður gripur eftir Harald Kornelíusson, gullsmíð, í þakklatisskyni fyrir starfið í alþjóðastjórn.

Fjölumðæmisstjóri flutti ársskýrslu fjölumðæmisins. (ársskýrsluna er að finna á lions.is)

Stefán Árnason, fjölumðæmisgjaldkeri, fór yfir ársreikningana og þar kom fram að fjölumðæmið stendur vel. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka Stefáni fyrir einstaklega gott utanumhald varðandi fjármálin og ánægjulegt samstarf.

Baldur Ingi Karlsson, Rauðu fjaðrarstjóri, sagði frá undirbúningi og framkvæmd Rauðu fjaðrar sölunnar, sem fram fór 3. – 6. apríl s.l. Salan fór fram með hefðbundnum hætti, brosmildir lionsfélagar á fjöl förnunum stöðum, maður á mann – en einnig var ákveðið var að bjóða fjöðurina til sölu í verslunum Nettó til að freista þess að þetta sölunetið. Sveitarfélögum og fyrirtækjum var boðin þátttaka og stofnaðar voru kröfur í heimabönkum hjá viðkomandi. Mikil spenna var hjá þingfulltrúum að fá að vita söfnunarupphæðina en Rauðu fjaðrarstjórnin varðist allra fréttu því formleg afhending á bráðabirgðauppgjöri færi fram seinna á þinginu.

Björn Guðmundsson, LCIF-Alþjóðahjálparstjóri, sagði frá starfsemi sjóðsins. Alþjóðahjálparstjórnin gerir okkur kleift að

hjelpa þeim sem eru í neyð og styðja klúbba, svæði og umdæmi til að takast á við stærri verkefni. Björn ræddi einnig um mikilvægi þess að allir klúbbar og allir félagar styrki sjóðinn reglulega.

Guðrún BjörtYngvadóttir, fv. alþjóðaforseti, fulltrúi Lions International hjá WHO, Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni, sagði frá samkomulagi sem Lions og WHO undirrituðu nýlega um átak til að bæta andlega heilsu og vellíðan. Guðrún Björt ræddi um mikilvægi góðrar andlegrar heilsu, samstarf Lions á Íslandi og Píeta samtakanna og minnti á að 10. október er alþjóða geðheilbrigðisdagurinn.

Stewart Sherman-Kahn, f.v. fjölumðæmisstjóri MD 105 (Bretland) og kennari við umdæmisstjóráskóla Lions, hélt erindi sem bar heitið „Breyting til að blómstra“ - Change to Thrive. Stewart ræddi um átakið Mission 1,5, að lionsfélagar verði orðnir 1,5 milljónir þann 1. júlí 2027. Hann spurði þingfulltrúa hvernig það hefði komið til að þeir gengu í Lions. Svör flestra voru á þá leið að þeim hefði verið boðið á fund. Stewart ítrekaði því að allir lionsfélagar hjálpist að við að ná markmiði átakins „Mission 1,5“ með því að bjóða einum - eða tveimur á fund.

Alma Líf Þorsteinsdóttir, félagi í Lionsklúbbnum Iceland.is hélt mjög áhugavert erindi um „Lions og samfélagsmiðlalæsi“. Fram kom að Lions á Íslandi getur gert mun betur í að nýta samfélagsmiðla til að vekja athygli á starfinu. Töluverðar umræður urðu og þingfulltrúar voru sammála um að við þyrftum að fá námskeið í þessum málum og nýta okkur þar þekkingu yngri félaga.

Kosið var í hin ýmsu embætti fyrir komandi starfsár. Anna Blöndal, Lkl. Ylfu var kosin fjöllumdæmisstjóri og Inga Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyju, varafjöllumdæmisstjóri.

Það var gert kaffihlé og boðið upp á tertur í tilefni þess að þetta var 70. þing Lions á Íslandi.

Makar og gestir komu um það leyti til baka úr velheppnaðri óvissuferð og gátu fengið sér sneið áður en dagskráin hélt áfram.

Ellen Calmon, framkvæmdastýra Píeta samtakanna, kynnti starfsemi Píeta og samstarfið við Lions og að því loknu veitti hún viðtöku ávísun að upphæð 33.500.000.- sem er bráðabirgðauppgjör vegna sölu Rauðu fjaðrarinnar 2025. Þingfulltrúar og gestir risu úr sætum og fögnuðu innilega þessum góða árangri.

Eftirtaldir félagar voru heiðraðir:

Forsetaorðu hlutu Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn og Hörður Sigurjónsson, Lkl. Nirði.

Leiðtogaorðu hlutu Baldur Ingi Karlsson, Lkl. Hæng og Anna Kristín Gunnlaugsdóttir, Lkl. Fold.

Viðurkenningar fengu: Margrét Jónsdóttir, Lkl. Fold, Jón Pálmason, Lkl. Víðarri, Kristófer A. Tómasson, Lkl. Geysi, Anna Fr. Blöndal, Lkl. Ylfu og gestgjafar þingsins, Lionsklúbbur Ólafsvíkur og Lionsklúbburinn Rán.

Björn Guðmundsson, Lkl. Hæng, fékk Kjaransorðu.

Áður en þingi var slitið steig á stokk Andri Ívars, grínisti og gítarsnillingur, undir dagskrárliðnum „Gaman saman“.

Um kvöldið var Lionshátíðin haldin í Félagsheimilinu Klifi. Boðið var upp á ljúffengar veitingar, Lionsfélagarnir Ari Bjarnason og Olga Guðrún Gunnarsdóttir stýrðu hátíðinni, Evgeny Makeev, lék á píanó, Andri Ívars, grínisti og gítarsnillingur skemmti og hljóm-sveitin Festival lék fyrir dansi.

Þingið í heild heppnaðist mjög vel og þinghöldurum, lionsklúbbunum í Ólafsvík, og þingstjórninni til mikils sóma. Ég vil þakka öllum sem komu að undirbúningi og framkvæmd þingsins, sem og kennurum í lionsskólunum.

Síðast en ekki síst; Kæru þingfulltrúar og gestir. Bestu þakkir fyrir ánægjulega samveru.

„Við leggjum lið – sterkari saman“

## Vangaveltur um nýliðun

Einar Hilmarsson

Lionsklúbb Laugardals

Annar varaumdæmisstjóri 109A



nú í rúmlega 40 félagsmönnum á aldrinum frá 30-87 ára. Félagsmenn koma víðsvegar að inn í klúbbinn en eiga það allir sameiginlegt að Laugarvatn og nærumhverfi þess á stóran hlut í hjarta þeirra.

En að fara úr 10 í 47 er mikil breyting fyrir klúbb. Þar sem svo margir yngri menn komu inn á stuttum tíma var tekin sú ákvörðun að fela þeim sem flest störf innan klúbbsins, virkja þá, en eldri og reyndari félagarnir voru og eru á kantinum tilbúnir að aðstoða ef þess er óskað. Fundartími klúbbsins hefur líka reglulega verið færður til þannig að hann skarist ekki við blakæfingar félagsmanna, klúbburinn sem sagt mjög opin fyrir breytingum.

Ég ákvað að fara stuttlega yfir þessa sögu þar sem eitt af stærstu vandamálum sem Lions, líkt og mörg önnur sjálfbóðaliðasamtök, stendur frammi fyrir er nýliðun.

Til eru (eða voru) klúbbar sem sennilega risu fljótt upp í þann fjölda sem félagarnir voru sáttir með. Allir innan klúbbsins náðu ágætlega saman, góð dreifing á embættum og engin ástæða til að fjölga í klúbbum. Síðan líða áratugir og þá vakna klúbbfélagar upp við það að ekkert gengur að bæta við nýjum félögum þar sem hluti af vandamálinu er kannski að aldursdreifingin innan klúbbsins er ekki næg og nýliðarnir fá ekki tækifæri til að taka við embættum eða koma inn með nýjungar þannig að þeir ná illa að falla inn í hópinn og ákveða jafnvel eftir smá tíma að þetta sé ekki virka og hætta í Lions. Einhver dæmi þessu lík hef ég heyrt af. Ég skil að þægilegt getur verið að breyta engu innan klúbbs sem gengur vel, en

Lions er ekki bara við. Við erum í Lions til að styðja við samfélagið okkar og til að gera það sem best er gott að hafa féлага á öllum aldri sem þá ná mögulega betur til einstaklinga á svipuðum aldri og þeir sjálfir og geta þannig stuðlað að nauðsynlegri nýliðun klúbba þannig að aldurskeðjan slitni ekki. Mín trú er að best sé að hafa góða aldursdreifingu í öllum klúbbum, auk þess sem við þurfum að vera opin fyrir breytingum.

Undanfarin ár hefur ýmislegt verið reynt til að kynna Lions en gengið misvel að ná til fólks, en við berjumst áfram. Bestu aðilarnir, að mínu mati, til að fjölga í Lions erum við sjálf, hinn almenni lionsmaður. Verum dugleg að tala um Lions og það sem Lions hefur gert og er að gera fyrir samfélagin okkar. Tökum með vin/vinnufélaga/aettingja á fund og stuðlum þannig að viðhaldi klúbba okkar því að samfélagið okkar er betra með Lions.



Kæru lionsfélagar, Þegar ég gekk til liðs við Lions-hreyfinguna var að hefjast nýr kafli í mínum lionsklúbb. Líkt og hjá mörgum klúbbum á landinu hafði nýliðun ekki verið mikil og meðalaldur í klúbbum sennilega nokkuð hár, þó að víða hafi hann verið hærri. Ljóst var að ef ekkert yrði gert myndi klúbburinn lognast út af. Tveim mönnum, nokkuð fyrir neðan meðalaldur klúbbmeðlima í aldri, var þá boðið að ganga til liðs við klúbbinn og talið að ef þeir tækju skrefið myndu fleiri fylgja þeim. Það reyndist rétt og á einu ári fór klúbburinn úr 10 í 30 og svo hægt og rólega í 47, hefur síðan eðlilega farið aðeins niður og upp og stendur

# LCIF: Draumur um betri framtíð komandi kynslóða

## Shelby Washington



Fyrir rúmum fjórum áratugum voru Saroj Ji og Lalji Mehrotra ungt par með stóra drauma.

Þau höfðu helguðu sig góðgerðarstarfi og höfðu brennandi áhuga á að styðja við menntun ungra stúlkna í litlum samfélögum á Indlandi. Með sýn Mahatma Gandhi um menntun fyrir alla að leiðarljósi, þróuðu þau menntastofnanir og stofnuðu Sar-La Education Trust menntasjóðinn til að láta draum sinn verða að veruleika.

Þessi skýra framtíðarsýn um menntun var kveikjan að stofnun fjögurra menntastofnana og studdi einnig við sex skóla til viðbótar. Frá árinu 1982 hefur Sar-La Menntasjóðurinn samþætt starfs- og tæknimenntun fyrir börn á fátækum svæðum. Sjóðurinn er einnig í langtíma samstarfi við Karnavati - Menntasjóð Lions sem styrkir verkefnið.<sup>1</sup>

Samband Sar-La við Lions hófst árið 2000 þegar þau unnu saman að því að stofna Lalji Mehrotra Lions skólann í Ahmedabad, sem opnaði árið 2002. Þetta var draumur að rætast fyrir Sar-La sjóðinn og fyrir Lions. Sem ICSE-tengdur skóli býður hann upp á alhliða námskrár og enskukennslu, sem undirbýr nemendur fyrir margvísleg störf og aukin tækifæri.<sup>2</sup>

Fyrirverandi Alþjóðaforseti Rohit C. Mehta, sem kallaður er faðir Lions á Indlandi er sérstaklega stoltur af þessu verkefni. Sonur hans, Umdæmisstjóri Lions Anuj Mehta segir: "Faðir minn átti sér draum um að byggja skóla fyrir fátæka nemendur og draumur hans rættist. Í gegnum Sar-la Education Trust erum við að auka gildi menntunar. Við viljum aðgreina okkur með því að einbeita okkur að menningu, þroska nemenda og siðferðiskennd til viðbótar við grunn góðrar menntunar

og við sjáum ávinninginn af þeirri áherslu þegar foreldrar snúa aftur til að fagna velgengni fullorðinna barna sinna. Ég er stoltur af því að feta í fótspor föður míns. Ég er stoltur af því að fjölskylda okkar skilji eftir sig arfleifð menntunar fyrir nemendur."

Sar-La Education Trust hefur gengið frábærlega í gegnum þrjár kynslóðir og vakið drauma margra, þar á meðal barnabarn Lalji Mehrotra, Chetan Mehrotra. Sem framkvæmdastjóri sjóðsins segir Mehrotra: „Ég er stoltur af arfleifð skólans okkar. Gæði menntunar sem við veitum eru eftirsótt og skólinn hefur sannað sig með fjölgun nemenda í gegnum árin. Í dag erum við með um 1,400 nemendur og við heyrum ótrúlegar sögur um árangur í lífinu frá þeim sem hafa lagt sig fram í náminu."

Nýlega skrifaði sjóðurinn undir 250.000 Bandaríkjadala samstarf um samfélagsábyrgð við Alþjóðahjálparsjóðinn til að styðja við byggingu forskóla í Lalji Mehrotra Lions skólanum til að geta þjónustað enn fleiri nemendur. Þegar stjórnarformaður CSR<sup>3</sup> fyrir Indland, fyrirverandi alþjóðastjórnarmaður Lions Pravin Chhajer veltir fyrir sér áhrifum Sar-La sjóðsins, telur hann að það hafi skipt ótrúlegu máli og segir: „Með þessu samstarfi hefur okkur tekist að veita góða menntun á viðráðanlegu verði í mörg ár. Fyrir vikið erum við nú talin ein af tíu bestu menntastofnunum borgarinnar og við höldum aðeins áfram að stækka."

*Þýðing: Anna Blöndal*

1 Karnavati er upprunalega nafn borgarinnar Ahmedabad í Gujarat á Indlandi. Karnavati getur einnig átt við: Karnavati University (KU), Uvarsad, Gujarat, Indlandi. Rani Karnavati (d. 1535), prinsessa og tímabundinn höfðingi frá Bundi á Indlandi.

2 The **Indian Certificate of Secondary Education (ICSE)** er akademísk viðurkenning sem veitt er af [Council for the Indian School Certificate Examinations](#), einkarekinni menntanefnd á Indlandi.

3 CSR Samfélagsábyrgð fyrirtækja er viðskiptamódel sem hvetur fyrirtæki til að starfa á þann hátt sem bætir samfélagið og umhverfið um leið og þau bera ábyrgð gagnvart hagsmunaaðilum sínum og almenningi.

**Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.**  
**Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.**  
**Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.**

# Lionsklúbburinn Engey



Frá heimsókn okkar til Prag.



Frá heimsókn okkar til Prag.



Nadía frá Rauða Krossinum sótti fund.



Prjón.



Una nýr félagin í Lkl. Engey

Starfsár Lionsklúbbsins Engeyar hófst á vel heppnaðri ferð til Prag í Tékklandi í lok ágúst og við gistum á Hótel Pyramidal. Margt var skoðað, gengið um Staré Mesto sem er elsti hluti borgarinnar. Dómkirkja heilags Vitusar, helsta kennileiti Pragborgar heimsótt. Farið í kvöldsiglingu á ánni Moldá, snæddur hátíðarkvöldverður og hlýtt á yndislegan söng. Einnig var farið í kvöldverð fyrir utan borgina þar sem boðið var upp á tónlist, þjóðdanssýningu og ómælda drykki með matnum.

Klúbbfundir á árinu voru haldnir á Kringlukránni að vanda og okkar þrjónafundir í Lionsheimilinu á mánudögum, sem eru ljúfar samverustundir. Fyrsti fundur starfsársins var haldinn 9. september, en alls voru haldnir 9 klúbbfundir, að frátöldum 16 þrjónafundum.

Thelma Rós Kristinsdóttir, varaumdæmisstjóri í 109 A, heimsótti klúbbinn í nóvember og fræddi okkur um ýmislegt varðandi Lions hreyfinguna og hvatti féлага til dáða. Jólafundurinn var vel heppnaður og að vanda haldinn í heimahúsi féлага. Benný Sif Ísleifsdóttir, rithöfundur kom á fund í janúar og las upp úr nýjustu bók sinni „Speglahúsið“. Una Bryngeirsdóttir, væntanlegur félagi, var gestur klúbbsins á fundi. Kristín Gunnarsdóttir, sjónfræðingur, var gestur klúbbsins í apríl, en hún er sjálfboðaliði hjá samtökunum „Vision for all“, en þau safna gömlum gleraugum og gera nothæf.

Klúbburinn hefur áorkað ýmsu á starfsárinu. Hélt klúbburinn basar í Mjódd, þar sem seldar voru ýmsar þrjónavörur og einnig vorum við með blóðsykursmælingu á sama tíma. Við söfnuðum birkifræjum. Héldum fjáröflun í formi happdrættis á árlegu þorablóti klúbbsins, sem heppnaðist mjög vel, en Gleðisveitin skemmti með söng og undirleik. Væntanleg er sala á lopapeysum, sem félagar hafa þrjónað,

en Ístex styrkti verkefnið myndarlega með því að gefa lopa. Að venju fór klúbburinn í heimsókn til Hrafnistu (Skógarbær), eins og gert hefur verið til fjölda ára og bauð klúbburinn íbúum og gestum upp á heimabakaðar tertur, pönnukökur og brauðtertur svo eitthvað sé nefnt. Að þessu sinni skemmti Hjördís Geirsdóttir íbúum og gestum með söng og gítarleik við mikinn fögnuð áheyrenda.

Klúbburinn styrkti fjölmörg félagasamtök á árinu. Kvennaathvarfið fékk peningagjöf í barnastarfið og ullarpeysur fyrir börn, þrjónaðar af féлага, en Auður Magnúsdóttir ráðgjafi mæðra og barna í Kvennaathvarfinu flutti fróðlegt erindi um starfsemina á fundi klúbbsins. Farið var í hina árlegu heimsókn til Hjálparstarfs kirkjunnar með þrjónavörur frá félögum en einnig peningagjöf til kaupa á matarkortum fyrir jólin. Veittur var stuðningur til LCIF, eyrnamerkur stríðshrjáðum þjóðum. Í febrúar flutti Nadía Emilsdóttir frá fjármála- og kynningardeild Rauða krossins erindi. Á fundinum var henni afhent gjafabréf fyrir verkefnum innanlands. Þá styrkti klúbburinn söfnun Rauðu fjaðrarinnar. Greiddir voru fimm viðareldunarofnar til Úkraínu.

Síðasti fundur vetrarins var haldinn 12. maí. Það var okkur mikið gleðiefni að taka inn nýjan féлага, Unu Bryngeirsdóttur og bjóðum við hana innilega velkomna í klúbbinn.

Á þessu ári fögnum við 35 ára afmæli klúbbsins sem stofnaður var 1. mars 1990. Að því tilefni var ákveðið að fresta afmælisfagnaði til vorsins og fara í tveggja daga ferð um Suðurland austur til Víkur í Mýrdal í júní.

Heiðrún Rútsdóttir, formaður Engeyar.

# Alþjóðastjórnarmaður – Halldór Kristjánsson

Halldór Kristjánsson,

Alþjóðastjórnarmaður Lions



Kæru lionsfélagar og gestir,  
Nú líður að lokum þessa tveggja ára ferils míns sem alþjóðastjórnarmaður. Ekki er viðbúið að við fáum annan stjórnarmann fyrr en eftir 9-10 ár þannig að við höfum þurft að nýta þetta tækifæri vel.

Peir sem hafa sinn hlutverki alþjóðastjórnarmanna fyrir Íslands hönd á undan mér, eru:

- Þorvaldur Þorsteinsson (1970-1972).
- Björn Guðmundsson (1979-1981) hann var einnig skipaður stjórnarmaður tvisvar
- Svavar Gest (1987-1989)
- Jón Bjarni Þorsteinsson (1999-2001) hann var einnig skipaður stjórnarmaður einu sinni
- Guðrún BjörtYngvadóttir (2010-2012) hún var einnig skipaður stjórnarmaður tvisvar
- Kristinn Hannesson var skipaður stjórnarmaður í eitt ár.

Þetta eru alls 23 ár af þeim 55 árum sem stjórnin hefur verið til.

Á þessum tveimur árum höfum við fundað 3 svar sinnum á hverju ári, tvisvar á einhverjum tilteknum stað og svo á alþjóðþingi. Fyrsti fundurinn árið 2023 var í Kaíró, Egyptalandi, í nóvember.

Að þeim fundi loknum fóru alþjóðstjórnarmennirnir til Keníu til að vinna að Lions verkefnum. Annar fundurinn var í Vancouver í Kanada í mars 2024 og svo fundur á alþjóðþinginu 2024 í Melbourne í Ástralíu.

Á þessu starfsári var fyrsti fundurinn í Natal í Brasilíu í nóvember og að honum loknum var unnið að Lions verkefnum í Joao Pessoa.

Annar fundurinn var í mars í Oak Brook, höfuðstöðvum Lions. Að honum loknum sóttum við fund með Sameinuðu Þjóðunum (UN) sem Lionshreyfingin hefur átt samstarf við frá stofnun. Þann fund sóttu hátt í 400

manns og var hann mikil upplifun. Lokafundur minn verður svo í Orlando, Flórída.

Við höfum einnig fundað á Zoom og þannig unnið mörg verk sem ella hefðu ekki verið unnin. Þá hef ég nokkrum sinnum brugðist við vandamálum hér heima og leitt til þess að lausn finnst án þess að mitt framlag hafi sérstaklega komið fram opinberlega.

Fundirnir standa yfirleitt 3-4 vinnudaga, frá morgni til kvölds, og hefur verið mikil vinna bæði fyrir, á og eftir fundina. Þær ákvarðanir sem teknar eru rata yfirleitt í Board Policy Manual, sem er eins konar handbók um hvernig eigi bregðast við málum innan Lions, og International Constitution and Bylaws sem eru lög hreyfingarinnar.

Alls eru 11 undirnefndir í alþjóðastjórn var ég skipaður formaður Leiðtogafræðslunefndarinnar á þessu starfsári. Átti ég gott samstarf við Jon Montgomery, yfirmann Leiðtogafræðslunnar, sem er mjög markviss og skipulagður.

Í alþjóðastjórn sitja 35 fulltrúar frá öllum heimshornum með alls konar menningu, trú og skoðanir sem áhugavert er að kynnst. Helmingur stjórnarmanna er kosinn árlega þannig að alls kynnist maður 52 fulltrúum á tveggja ára ferli auk stjórnarmanna sem eru skipaðir af forsetanum, yfirleitt 6-8 á hverju ári.

Helmingur er alltaf byrjendur þannig að mikið mæðir á okkur sem erum annars árs fulltrúar. En á móti kemur að kynnin við þetta fólk eru mjög ánægjuleg og skemmtileg.

Auk kynnanna af stjórnarmönnum þá kynnist maður starfsmönnum Lions. Vekur aðdáun hversu duglegt og fórnúfúst starfsfólkið á skrifstofunni í Oak Brook er. Hversu miklu þeir koma í verk og hversu stoltir og glaðir þeir eru.

Það sem þessir fundir hafa kennt mér er að tengsl skipta öllu máli.

Tengsl sem munu gagnast Lions á Íslandi á komandi árum.

Þá hef ég sótt NSR þingið tvisvar sinnum, í ár og á síðasta ári þar sem ég flutti ræðu.

Ég hef flutt skýrslur á fjöllumdæmisfundum um það sem mikilvægt er og mun ekki endurtaka þær hér en held að það gæti verið gaman að segja ykkur frá síðasta fundi sem haldinn var í Oak Brook í mars síðastliðnum. Í framhaldinu sóttum við fund hjá SP sem áður er nefndur:

Eftirfarandi er meðal helstu málefna sem teknar voru ákvarðanir fyrir á marsfundinum:

- Samþykkt var bann við því að umdæmisstjóri og báðir varaumdæmisstjórnar séu frá sama klúbbi á sama tíma.
- Ef umdæmisstjóri forfallast, getur fyrri-verandi umdæmisstjóri aðeins hlaupið í skarðið einu sinni.

• Fræðsla fyrir verðandi umdæmisstjóra, sem hefur verið í St. Charles, færist yfir á Zoom – en bætt er við einum degi á alþjóðþingi þannig að þeir verða tveir. Þetta sparar hreyfingunni 1,5 milljón dollara árlega.

• Ákveðið var að kennaranámskeiðið, Faculty Development Institute, FDI, yrði ekki lengur í boði eftir 2026 sem sérnámskeið, Institute, heldur yrði boðið sem eitt af styrkhæfu námskeiðunum Emerging Lions Leadership Institute, ELLI, Regional Lions Leadership Institute, RLLI, eða Leiðtogaskólinn, og nú FDI.

• Námskeiðinu yrði síðan hætt árið 2028. Jafnframt yrði unnið að nýju leiðtoga-námskeiði LLI, Lions Leadership Institute.

Auk þessara atriða voru teknar ákvarðanir varðandi ýmislegt annað meðal annars fjármál hreyfingarinnar, stofnun og sameiningu umdæma og verið er að vinna að fækkun alþjóðarstjórnarmanna og breytingu á hlutverki þeirra.

## Félagafjöldinn

Rekstrategjur Lions koma af félagsgjöldum og tekjum af fjárfestingum. Ljóst er að ef Lions fjölgar ekki þá getur verið erfitt að reka hreyfinguna með núverandi krafti.

Ef við náum ekki markmiðum Mission 1.5 – að fjölga félögum í 1,5 milljónir – gæti það haft áhrif á þjónustu Lions og starfsemi.

Það er rangt að halda að þetta verkefni sé bara á ábyrgð félagastjóra umdæmis eða annarra stjórnenda umdæmis – **þetta verkefni er á ábyrgð hvers einasta klúbbs.**

Við þurfum að búa til líf í klúbbunum okkar.

Við þurfum að sýna heiminum hvers vegna Lions skiptir máli – með jákvæðni, gleði og krafti.

Við þurfum að vera félög sem fólk vill tilheyra.

Við keppum við samfélagsmiðla, Facebook, Instagram, TikTok og fleiri – en við höfum eitthvað sem þau hafa ekki:

**Raunverulega vináttu, líflegt samfélag og tækifæri til að gera góðverk.**

Við þurfum líka að laga fundina okkar og viðfangsefni að nýjum tímum. Fundirnir verða að vera lifandi, hnitmiðaðir og skemmtilegir. Við þurfum að ganga í takt við samfélagið hvað varðar fundi og efni.

---Lions á Íslandi verður 75 ára á næsta ári, 2026. Því ber að fagna með ýmsum hætti eins og okkur tekst svo vel með hátíðarhöldum hérna heima, við þurfum að merkja okkur á NSR og í skrudgöngunni á þinginu í Hong Kong og minnst afmælisins með ýmsum öðrum hætti.

Fjáröflunin Rauða fjöðrin var haldin í apríl á þessu ári og tókst frábærlega þrátt fyrir að söfnunin Á allra vörum var sama daginn í sjónvarpi allra landsmanna.

En það safnaðist vel þrátt fyrir það og okkar fólk stóð sig frábærlega í söfnuninni eins og Baldur mun koma að hér á eftir. Þá var málefnið, að styrkja Þíeta samtökin og starf þeirra að forvarnar-, fræðslu- og meðferðarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og stuðning við aðstandendur.

Það vissu það ekki allir en Fabricio Oliveira hafði mikinn áhuga á þessari söfnun og málefninu sem verið var að sinna. Hann bren-

nur fyrir geðheilbrigðismálum og heimsótti Þíeta samtökin þegar hann var hér. Hann vill gera geðheilbrigði herra undir höfði hjá Lions og mun Guðrún koma nánar að því í ræðu sinni.

Kæru félagar,

Þessi tvö ár hafa verið krefjandi, lærdómsrík og ótrúlega gefandi.

Ég er stoltur af því sem við höfum áorkað – og þakklátur fyrir traustið og samstöðuna sem þið hafið sýnt mér. Þá vil ég þakka Guðrúnu Yngvadóttur fyrir hennar leiðsögn þegar á þurfti að halda en mestar þakkir fær

Jenný Ágústsdóttir kona mín sem ég þakka alla hjálpinu og þátttökuna í þessu starfi með mér.

Við eigum Lions saman – og framtíðin er okkar að móta.

Takk fyrir mig.



## Lionsklúbbur Akureyrar afhendir Sak veglega gjöf.

Á dögunum var tekið í notkun ný aðstaða sjúkra- og iðjuþjálfunar á Sjúkrahúsinu á Akureyri, við það tilefni afhenti Lionsklúbbur Akureyrar Sjúkrahúsinu á Akureyri veglega gjöf, svokallaðan fjölþjálfa. Tækið er einstakt fyrir margra hluta sakir, þá ekki síst hversu vel það gagnast mörgum sjúklingahópum, þá sérstaklega þeim sem ekki geta nýtt hefðbundin þolþjálfunartæki eins og göngubretti eða þrekhlól. Tækið getur gagnast fólki með verulega takmarkaða hreyfigetu og jafnvægisvandamál, auk þess sem að það er gott aðgengi að því fyrir þau sem þurfa að notast við hjólastóla. Tækið nýttist fyrst og fremst sem þolþjálfunartæki en einnig til að byggja upp styrk og liðleika.

Klúbburinn er félagi í Hollvína samtökum Fsa og hefur verið að styrkja þau samtök í gegnum árin.



## Lionsklúbbur Stykkishólms

Við í Lionsklúbbi Stykkishólms fengum heimsókn frá hjónum í fyrra, sem stofnuðu Minningar sjóðinn Örninn. Við ákváðum að styrkja þau um 100 þúsund krónu og fengum fróðlegt erindi um störf Arnarins, sem má kynna sér á heimasíðu þeirra [arnarvaengir.is](http://arnarvaengir.is). Við tengdum allir sterkt við þetta og úr varð að við styrktum starf þeirra.

Þau standa fyrir helgarferðum eða samverustundum fyrir við börn sem hafa misst ástvini eða hafa upplifað missi. Þetta er þátttakendum að kostnaðarlausu en verkefnið reiðir sig á styrki auk þess sem allir starfsmenn eru sjálfbóðaliðar.

Eiginmaðurinn er áhugamaður um mat og starfar í eldhúsi. Hann hefur gaman af tilraunamennsku í matargerð. Hann sagði frá því þegar hann hleypti krökkunum í eldhúsið og þau kepptu um það hver gat fundið upp á ógeðslegustu pizzunni, og svo ákváðu krakkarnir líka að keppa í því hverjir gátu borðað flestar pizzurnar!

Markmið Arnarins eru að 1) skapa vettvang fyrir börn og unglinga að koma og segja sögu sína í öruggu umhverfi. 2) veita þeim tækifæri að hitta önnur ungmenntu sem eru í sömu sporum. og 3) að unga fólkið

læri að búa til verkfæri til að takast á við daglegt líf. Síðast en ekki síst, þá eiga samverurnar að staður þar sem má hafa gaman saman.

Þau hjálpa unga fólkinu að nálgast sorgina á heilbrigðan máta og unga fólkið lærir að þau eru ekki ein, aðrir í sömu sporum. Þá fá þau líka tækifæri til að heiðra minningu látinna ástvina sinna.

Starf þetta á erindi við okkur um land allt því það er lýðheilsuál að börn í sorg fái stuðning óháð búsetu. Hópur á Norðurlandi hittist á Akureyri og á Húsavík og hefur verið starfræktur í þrjú ár, og síðasta haust byrjaði hópur á Austurlandi sem hittist á Egilsstöðum og Eskifirði.

Kæra lionsfólk, starfið sem þau vinna er mikilvægt, kostar ekki mikið en rekið af sjálfbóðaliðum. Við í Lionsklúbbi Stykkishólms viljum því hvetja ykkur öll til að kynna ykkur starfið á heimasíðu Arnarins, [arnarvaengir.is](http://arnarvaengir.is). Segið vinum ykkar frá þeim og endilega styðjið við starfsemina.

Jón Einar Jónsson  
Lionsklúbbi Stykkishólms

# Lionsklúbburinn Fjölurir fagnar 70 ára afmæli





Ómar J. Scheving, formaður Fjölnis á afmælisárinu, steig í pontu og bauð gesti velkomna.



Stjórn Lionsklúbbsins Fjölnis á 70 ára afmælisárinu, talið f.v.: Ómar J. Scheving, formaður, Baldvín G. Heimisson, gjaldkeri og Kristján Agnar Ómarsson, ritari.

Prúðbúnir gestir streymdu í Lionsheimilið Hlíðarsmára 14, Kópavogi, sunnudaginn 18. maí s.l. Nú skyldi slegið upp herlegri veislu frá kl. 16-18. Og tilefnið var ekki af lakara taginu; 70 ára afmæli Lionsklúbbsins Fjölnis.

Lkl. Fjöl意思 var stofnaður 4. maí 1955 og er næstelstur íslnskra Lionsklúbba. Eins og vænta má hefur margt á dagana drifið í starfi Fjölnis öll þessi ár. Það verður ekki tíundað hér í stuttum pistli, enda verið að vinna að vönduðu Afmælisriti Fjölnis sem koma mun út nú síðsumars.

Stjórn Fjölnis á þessum merku tímamótum var skipuð af þeim heiðursmönnum Ómari J. Scheving, formanni, Baldvini G. Heimissyni, gjaldkera og Kristjáni Agnari Ómarssyni, ritara. Mikið hefur mætt á þeim félögum við undirbúning og framkvæmd afmælishátíðarinnar og annarra viðburða tengt afmælisárinu. Nánar verður fjallað um um þau mál í 70 ára Afmælisritinu.

Ómar J. Scheving, formaður Fjölnis á afmælisárinu steig í pontu og bauð gesti velkomna. Fór hann stuttlega yfir tilurð Lkl. Fjölnis á sínum tíma og kynnti útkomu væntanlegs Afmælisrits. Þá bauð Ómar fulltrúa Halaleikhópsins velkomna og kynnti styrkveitingu til hópsins vegna tækjakaupa, en þau urðu fyrir þeim óskunda fyrir mökkru að brotist var inn í húsnaði

– sjá framhald greinarinnar á næstu síðu...



þeirra og ýmsum tækjum og búnaði stolið. Var styrkurinn hugsaður til að mæta að einhverjum hluta því tjóni.

Þá kynnti Ómar til leiks ungt og efnilegt tónlistarfólk; Björney Önnu og Þórdísi Emilíu Aronsdætur. Þær eru báðar fiðluleikarar og Tómas Vigur Magnússon, sem spilar á píanó. Þau fluttu nokkur létt lög fyrir afmælisgesti og hlutu mikið lof fyrir.

Lkl. Fjöltnir veitti Björney sérstakan ferðastyrk, en hún mun keppa í Stockholm International Music Competition. Stóð keppnin einmitt yfir helgina 30. maí til 1. júní., þegar þessi pistill er ritaður.

Að lokinni þessari kynningu bauð Ómar gestum að ganga til borðs og gera sér veitingarnar að góðu.



*Veitingarnar í 70 ára Afmælisveislu Lkl. Fjölnis voru glæsilegar; til hægri er veisluborðið uppdekkað og blómum skreytt og til vinstri er svo glæsileg afmælistertán með Lionsmerkinu og afmælisáletrun.*



## Fjölnismenn styrkja Halaleikhópin og unga tónlistarkonu til þátttöku í tónlistarkeppni

Lionsklúbburinn Fjöltnir lætur víða til sín taka í íslensku þjóðlífi og hefur gert síðustu 70 árin. Og ekki eru sjáanleg nein ellimerki þar á.

Nýlega styrkti Fjöltnir unga og bráðefnilega tónlistarkonu, Björney Önnu Aronsdóttur, fiðluleikara. Hún er að taka þátt í tónlistarkeppninni Stockholm International Music Competition þegar þetta er fest á blað.

70 ára afmælisfagnaður Lkl. Fjölnis var haldinn sunnudaginn 18 maí. Við það tækifæri fór fram formleg afhending á styrk til Halaleikhópsins vegna tækjakaupa.

Á myndinni að neðan eru t.f.v. Frá Halaleikhópnum: Dagrún María Wium, stjórnarkona, Guðrún Kristín Eiríksdóttir, ritari og Sóley Björk Axelsdóttir, formaður. Lengst til hægri er Ómar J. Scheving, formaður Lkl. Fjölnis.



Á myndinni t.f.v.: Björney Anna og Þórdís Emilía Aronsdætur og Tómas Vigur Magnússon. Björney mun keppa í Stockholm International Music Competition.





## Fimm Fjölnismenn sóttu Lionsping á Ólafsvík

Alls fóru fimm félagar í Lionsklúbbnum Fjölni til þings Lionshreyfingarinnar sem haldið var í Ólafsvík 24.-26. apríl s.l. Þessir félagar eru: Pétur Þormar, Jón Eggert Guðmundsson, Kristján Agnar Ómarsson, Halldór Sævar Guðbergsson og Guðjón Smári Valgeirsson. Guðjón Smári fór sem aðstoðarmaður Halldórs Sævars.

Kristján Agnar gekk menntaveginna á þinginu, settist á bekk í Ritaraskólanum og lét vel af náminu.

Halldór Sævar settist á bekk í Formannaskólanum, hann er viðtakandi formaður í Lkl. Fjölni.

Föstudagurinn fór að mestu í skólagöngu fyrir viðtakandi embættismenn í hinum ýmsu klúbbum. Var gaman að sjá sjá hversu vel og skipulega var gengið til verks í fræðslunni.

Laugardagurinn var svo aðalþingdagurinn. Skýrslur voru lagðar fram frá öllum helstu stofnunum Lionshreyfingarinnar.

Er óhætt að segja að þinghald og viðburðir því tengt hafi farið vel fram og hnökraluast.

Elskulegt viðmót og gestrisni og frábær viðurgjörningur fóks á staðnum í öllu tilliti. Alveg einstakt eins og haft var á orði meðal þingfulltrúa..



*Þingfulltrúar létu ekki Kára gamla slá sig út af laginu þótt hann blési duglega og efndu til veglegrar skruðgöngu frá skólahúsinu upp að kirkjunni.*



*Á myndinni til hægri má sjá nemendur í Formannaskóla Lions, sem var vel sóttur. Halldór Sævar Guðbergsson, viðtakandi formaður Fjölnis er þriðji frá vinstri.*



## Lionsklúbburinn Æsa



Ný stjórn Æsanna, frá vinstri, Hafðís ritari, Harpa stallari, Elín gjaldkeri og Brynja Þóra formaður.



Sigt inn í Vestmannaeyjahöfn.



Eldsafnið.



Kræsingar.



Setið og skálað fyrir góðum degi.



Plokkað á fullu.



Áhuginn leynir sér ekki.



Afraksturinn skoðaður.



Skundað með ruslið.



Nóg að gera hjá gjaldkerunum.



Hópurinn samankominn.



Blómum raðað í kassa.

Lionsklúbburinn Æsa hélt sinn lokafund laugardaginn 10. maí sl. í Vestmannaeyjum. Voru flestallar konur ásamt mökum búin að bóka sig í ferjuna á föstudeginum til að geta nýtt ferðina í að skoða sig um í eyjunni. En veðrið breytti áætluninni hjá mörgum okkar því að á fimmtudeginum var ljóst að það yrði farið frá Þorlákshöfn en ekki Landeyjarhöfn. Sum ákváðu að flyta ferðinni um einn dag, aðrir færðu sig yfir á laugardaginn en nokkrir létu sig hafa það og fóru á föstudeginum.

Pau sem voru mætt á föstudeginum hittust um kvöldið í sal Lkl.

Vestmannaeyja en við leigðum hann yfir helgina. Voru þær með Pub Quiz og skemmtu sér hið besta.

Á laugardegnum var svo farið í Eldsafnið og var áhrifamikið að sjá sýninguna og reyna að gera sér í hugarlund hvernig þetta hefur verið. Þar borðuðum við brauðtertur og annað góðgæti sem við keyptum af Tranbergs bakarí.

Blíðskaparveður var og konur ásamt mökum þvældust um alla eyjuna og enduðu á að fá sér einn kaldann fyrir utan eitt veitingahúsið í bænum.



Séð yfir svæðið.



Blóm í stöflum.



– Fullt skott af blómum og mold.

Um kvöldið var svo lokafundurinn haldinn, maturinn kom frá Einsa kalda og var hann í einu orði sagt „FRÁBÆR“ Skemmtinefnd hélt uppi stuðinu með nokkrum skemmtilegum orðaleikjum. Stjórnarskipti voru og við fengum trúbador hann Jarl Sigurgeirsson skólastjóra tónlistarskólans sem sá um undirspil og forsöng og var mikið sungið og skemmtu sér allir vel.

Fóru félagskonur og makar ánægð heim á sunnudeginum eftir góða og skemmtilega helgi.

Laugardaginn 24. maí fóru svo nokkrar konur ásamt barnabörnum í Umhverfisverkefni (en Umhverfisdagurinn er 5. júní) við það að tína rusl í Njarðvíkurskógi. Eftir að hafa tínt og plokkað fengum við okkur smá í gogginn og héldum svo heim á leið.

Dagana 27. – 29. maí vorum við svo með okkar árlegu Blómasölu en það er okkar stærsta fjáröflun ár hvert. Vel gekk að selja og buðum

við upp á kaffi og kleinur fyrir viðskiptavinina okkar að venju. Margir í Reykjanesbæ bíða eftir sölnunni og segja að þetta þýði að nú sé sumarið að koma.

En við erum ekki hætta því að nú bíður okkar stórt verkefni en ásamt okkur ætla Lionsklúbburinn Freyja og Lionsklúbbur Njarðvíkur að halda Ungmennabúðir á svæðinu dagana 3. – 17. júlí. Skipulagning er langt komin og vonum við að ungmennin sem koma eigi eftir að líka vel. Pema búðanna er „Að lifa í sátt við náttúruna“, sem sagt umhverfisvernd og að lifa með náttúruöflin „kraumandi í bakgarðinum“.

F.h. Lionsklúbbsins Æsa  
Sigfríð Andradóttir  
Ritari 2024-25

## Frá Lionsklúbbi Ísafjarðar

Björgunarfélag Ísafjarðar hefur stofnað sjóð Björgunarbátasjóð Vestfjarða sem er að endurnýja björgunarskipið Gísli Jóns með því að kaupa nýjan björgunarbát. Gísli Jóns kom fyrir 6 árum og átti að vera bráðabirgðarlausn, en hann er smíðaður 1990. Fleiri björgunarfélög eru að kaupa samskonar bát og er þetta gert með samningi milli ríkissjóðs og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Heildarkostnaður við smíði skipsins er 350 milljónir króna og hlutur í kostnaði Björgunarbátasjóðs Vestfjarða er 90 milljónir krónur. Áformað er að nýja skipið til okkar verði afhent í október 2025 frá skipasmíðastöðinni Kewatec í Finnlandi. Hafa félagar í Björgunarbátasjóð Vestfjarða verið að afla stuðnings fyrir verkefninu.

Lionsfélagar í Lionsklúbbi Ísafjarðar heimsóttu féлага í Björgunarbátasjóð Vestfjarða í höfuðstað þeirra í Guðmundarbúð á Ísafirði og afhentum þeim styrk upp á kr. 500.000.- til að hjálpa til við þessa endurnýjun. Verkefnin hér hafa aukist mikið hjá þeim við aðstoð vegna strandveiðanna og mikils aukning ferðamanna og annara slysa.



## Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu  
Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.  
<https://www.lions.is/is/minningarkort>

**EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.**

# Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



Halldór varaformaður afhendir Emil fararstjóra fána klúbbsins.



Sigurlið í keppni félaga í Boccía, íþróttafélagsins Fjarðar.




Dómarar í Boccía keppni, Haraldur og Jón Rúnar.



Halldór Árne 70 ára, sæmdur silfurmerki Kjarans.



Kaffisamsæti með Eldri borgurum í Hraunseli.



Haraldur Ólafsson leikari.



Formaður afhenti Rósu Karen Borgþórsdóttur fána klúbbsins.



Klúbbfélagar við afhendingu á Fjölpjálfa, sem gefinn var Hrafnistu í Hafnarfirði.



Halldór Árne við eitt af verkum sínum.



„Gaflari árs 2025“ Janus F. Guðlaugsson með Gaflarastyttuna.

Bráðum kemur blessað vorið.  
Blómaskraut og mildur blær.  
Þá er ljúft og létt hvert sporið.  
Lífið fagurt, stundin nær.

Með þessum orðum er vetrarstarfið senn að baki og vorverkin að taka við. Eftir miðjan apríl er fyrsti dagur sumars og harpa byrjuð. Fyrsti dagur hörpu er helgaður stúlkum og nefnist því yngismeyjardagur. Sagt er frá því í ferðabók Eggerts Ólafssonar, að ef vetur og sumar frjósi saman þá verði sumarið gott, grasið verður kjarnmikið og fé komi vænt af fjalli. Vetrarstarfið hefur gengið mjög vel hjá okkur og mæting verið með besta móti. Við fengum góðan gest í byrjun febrúar, Björn Pétursson Bæjarmínjavörð Hafnarfjarðar sem sagði okkur frá Hansakaupmönnum í Hafnarfirði, viðveru þeirra í bænum og verslunarstöðum, en uppúr 1470 hófu þeir að sigla til Íslands eftir að hafa fengið leyfisbréf frá Danakóngi til verslunar á Íslandi. Buðu þeir ódýrari varning og betri en þeir ensku sem fyrir voru, sóttust þeir aðalega eftir skreið til að viðhalda völdum á skreiðar-markaðnum í Evrópu. Verslunar búðir kaupmanna voru á svokölluðum Háagrandum sem var

ysti hluti Hvaleyrargranda. Á fyrsta fundi í mars var kynning á ferð sem klúbbfélagar eru að fara til Finnlands í maí s.l. í tilefni þess að klúbburinn verður sjöttíu ára í apríl á næsta ári. Farið verður með Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar sem sér um alla skiplagningu á þessari sex daga ferð, dvalið verður í Helsinkiborg og í Tallinn. Klúbbfélagar buðu eldri borgurum í Hafnarfirði til kaffisamsætis í Hraunseli að venju í febrúar og voru gestir á annað hundraðið, hljómsveit Pálma Ólafssonar lék fyrir dansi og þeir Hallgrímur Ólafsson leikari og Stefán Helgi söngvari skemmtu gestum við góðar undirtektir. Góður gestur Rósa Karen Borgþórsdóttir Safnvörður hjá Bygðasafni Hafnarfjarðar kom til okkar í mars og sýndi okkur gamlar ljósmyndir af húsum í Hafnarfirði, sagði frá ábúendum þeirra og öðrum þekktum bæjarbúum. Félagi okkar Halldór Árne var gestur okkar í apríl, hann er mörgum kunnur fyrir kvikmyndatökur sínar á ólíklegustu atburðum í Hafnarfirði og fyrir málverkin sín fallegu, hann malar bæði figúratíft og abstrakt, en oftast eru þetta fyrirmyndir og stemmur úr umhverfinu sem fyrir augu ber sagir þessi ágæti listamaður og lionsfélagi. Á fundi í apríl var Dr. Janus Friðrik Guðlaugsson

útnefndur sem „Gaflari árs 2025“. Janus er uppalin á Suðurgötunni í Hafnarfirði sonur hjónanna Guðlaugs Þórðarsonar kaupmans og Sjafnar Láru Janusardóttur. Á yngri árum spilaði Janus fótbolta með FH áður en hann hélt til Þýskalands þar sem hann gerðist atvinnumaður í fótbolta. Það er ekki fyrir fótboltann sem klúbburinn er að heiðra Janus, heldur fyrir árangur hans í heilsuefningu ýmsa sérhópa en fyrst og fremst fyrir okkur eldri borgara, en hann hefur sérhæft sig í heilsuefningu 60 ára og eldri og hafa margir af okkar félögum sótt námskeið hjá honum. Klúbbfélagar hafa styrkt hin ýmsu félög og samtök með myndarlegum hætti á starfsárinu, þar á meðal var Hrafnistu í Hafnarfirði gefnir tveir Fjölpjálfar. Við sendum þrjá fulltrúa á Lions þingið í apríl og aðrir fimm fóru á eigin vegum. Senn líður að lokum starfsárs, lokafundur var 8. maí, við buðum eiginkonum á fundinn, þær eru ávallt stór hluti af gleði okkar og starfsemi. Á fundinum sæmdum við tvo félaga okkar þá Gunnar Randrup og Gunnar Stefánsson, Progressive Melvin Jones demantsorðu sem er í raun árétting klúbbsins um góð störf þeirra í klúbbum og félagi okkar Magnúsi R. Aadnegard var sæmdur Kjaransorðu

fyrir frammúrskarandi starf við sölu á merki okkar Gaflarnum. Tveir klúbbfélagar færðu formanni öll Gaflaramerkin frá byrjun innrömmuðu á spjaldi, 26 merki. Stjórnarskipti voru á

fundinum, Halldór Svavarsson tekur við sem formaður, Ingimundur Pálsson ritari og Jón Rúnar Jónsson gjaldkeri.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar sendi öllu

lionsfólki bestu óskir um **Gleðilegt sumar**.

Friðgeir H. Guðmundsson  
Blaðafulltrúi LkH og MCC fulltrúi

## Lionsklúbburinn Embla



Ný stjórn: Ásta Andreassen, Pálína Sigtryggisdóttir, Þórunn Ingólfsdóttir, Kristín Ingólfsdóttir og Kristín Björnsdóttir.



Melvin Jones hafar Unnur Jónasdóttir og Ingibjörg Jóna Steindórsdóttir.



Fráfarandi formenn nefnda: Fjóla Pálmarsdóttir, Þórunn Ingólfsdóttir, Guðrún Guðbjartsdóttir og Kristín Ólafsdóttir.



Rauða fjöðurin seld.



Verlaunahafar á „Allir með“.



Emblur skemmta sér.



Foldur og Emblur á rölti um Miðbæinn á Selfossi.

Hjá okkur Emblum hefur starfsárið gengið líkt og áður, ýmislegt gert og allt sem við öflum fer til stofnana í heimabyggð, svo leggjum við mikið upp úr að hafa gaman saman. Fljótlega eftir áramótin héldum við mjög skemmtilegt þorablót, buðum mönnum okkar með, mættum með hatta, settum upp grímur, og úðuðum í okkur góðum mat og drykk.

Við fengum fyrirlesara á fundi, Eygló Linda Hallgrímsdóttir, næringaþerapisti og hélt fræðandi erindi þá kom Guðrún Birna Ingvarsdóttir til okkar og sagði okkur frá PIETA samtökunum, mjög gagnlegt og fræðandi erindi. Stuttu seinna tókum við þátt í sölu á Rauðu fjöðrinni sem gekk mjög vel, seldum við Emblur 360 stk. Þá var töluvert um að fólk þáði ekki fjöðurina sem það var búið að borga, svo þá seldum við þær bara aftur. Þegar Íslandsleikarnir „Allir með“ voru haldnir á Selfossi, sem styrktir voru af alþjóðasjóði Lions,

hjálpuðum við til með morgunverð og verðlauna afhendinguna, allir fengu pening. Fljótlega eftir áramót fór útivistarnefndin með okkur í stutta göngu, fyrsti áfangi var verslunin Ozon þar sem var tekið á móti okkur með „Búblum“ og við versluðum á kosta kjörum. Þaðan héldum á veitingastaðinn Lilly og Julia og fengum okkur góðan málsverð. Þann 10. Maí fengum við góða heimsókn þá tókum við á móti vinkonum okkar í Lkl. Fold í Grafarvogi, við byrjuðum í Tryggvaskála þar sem þær fengu hressingu og Unnur Einarsdóttir, aldursforsetinn okkar sagði þeim sögu skálans, síðan var rölt um fallega miðbæinn okkar undir leiðsögn, komið við í verslun Motivo það nutum við góðra veitinga og þjónustu. Um kvöldið borðuðum við saman á Hótel Selfoss, það lauk þessum góða degi með skemmtilegu vinkonum okkar Foldunum, takk kærlega fyrir komuna. Starfsárinu hjá okkur lauk svo núna

27. maí með fundi nr. 600 þar sem fráfarandi stjórn fór yfir starfsárið og tveimur félögum var veitt Melvin Jones viðurkenning, þeim Ingibjörgu Jónu Steindórsdóttur og Unni Guðríði Jónasdóttur. Þá fengi formenn nefnda Birgis Kjarans merkið. Síðan fóru fram stjórnarskipti, næsta stjórn er þannig skipuð að formaður verður Þórunn Ingólfsdóttir, gjaldkeri Kristín Björnsdóttir, ritari Pálína Vigdís Sigtryggisdóttir, stallari Ásta Andreassen og siðameistari Kristín Brynja Ingólfsdóttir. Þórunn formaður fór yfir ýmsar breytingar sem stjórnin fyrir hugar að gera á starfinu. Þá var fráfarandi stjórn þakkað fyrir gott og skemmtilegt starfsár og hlökkum við allar til að hittast á næsta hausti.

Kveðja Guðmunda Auður Auðunsdóttir, bladafulltrúi

## Hörpukonur lögðu af stað í leiðangur – aftur!



Aftur! Já aftur, þar sem félagskonur í Lionsklúbbnum Hörpu í Stykkishólmi ásamt nokkrum mökum, gerðu aðra tilraun til að komast saman í skemmti- og hópeflisferð út fyrir landsteinana föstudaginn 11. apríl.

Í lok nóvember s.l. lá leiðin í aðventuferð til Edinborgar. Ekki tókst betur til en svo að sumir komust alla leið í Fríhöfnina en aðrir einungis að öryggisleitinni áður en kallað var í hátalarakerfinu að fluginu væri aflýst. Það snjóaði víst í Skotlandi, ferð þaðan féll niður og þ.a.l. var engin vél til að ferja okkur yfir hafið. Um leið og búið var að aflýsa ferðinni lokaðist á öll brottfararspjöldin og svektir ferðalangar sem þó höfðu komist inn í Fríhöfnina og voru byrjaðir að versla gengu sem leið lá að næstu rekkum og skiluðu til baka fríhafnargóssinu áður en þeir héldu að töskufæribandinu til að endurheimta töskurnar sínar. Ekki var hægt að fá nýtt flug fyrr en rúmum sólarhring síðar svo okkur fannst of mikið tekið af stuttri ferð og Edinborgarferðinni því aflýst. En í sárabætur fengum við að líta eldgos og falleg norðurljós yfir Mýrunum á heimleiðinni.

Nú var tekið til við að skoða möguleika á nýrri ferð og hafði hún Svava félagi okkar, aðal í ferðanefnd, nóg að gera við skipulagninguna og á hún miklar þakkir skildar fyrir þolinmæðina og þrautseigjuna. Á endanum var ákveðið að halda til Parísar og hafa það vorferð, 28 manna hópur. Flugtíminn var góður, það snemma að við yrðum kominn til Parísar rétt um hádegi á föstudegi og ætlunin að vera fram á þriðjudag. Flestir komu sér því suður kvöldið áður m.a. allnokkrir sem splæstu í hótél í Keflavík. Um kl. 21:30 á fimmtudagskvöldinu fóru að berast sms og það fór svolítið um konur og þótti þetta frekar lélegt grín. En því miður var þetta ekkert grín, fluginu okkar hafði aftur verið aflýst, annað flugfélag, annar áfangastaður, frábært veður, ekkert eldgos og akkurat

ekkert sem ætti að skemma fyrir okkur ferðina í þetta sinn. Eða svo héldum við. Vegna tæknilegra orsaka stóð í bréfinu og heldur seint látið vita. Nú hófst biðin eftir nýjum upplýsingum og ljóst var að við vorum ekkert að fara að sofa strax og skilaboðin gengu manna á milli til að enginn færi nú að flandrast upp á flugvöll löngu fyrir birtingu. Flugið okkar var svo sameinað öðru flugi seinnipart föstudags og það voru lúnir, þyrstir og svangir ferðalangar sem komust á hótelið í París rétt fyrir miðnætti eftir að hafa týnt bleikri tösku og leitað að rútubílstjóranum sem var auðvitað búinn að bíða og bíða eftir okkur allan daginn. Á hótelinu var búið að loka barnum og engan mat að fá. En á börnunum í kring var þó a.m.k. hægt að svala þorstanum.

Hópurinn átti svo frábæra dag framundan þar sem allir voru staðráðnir í að láta ekkert trufla gleðina, ekki það að meira en 8 klst hafi verið teknir af okkur, týnd taska, eða að fáir höfðu séð eins lítil hótélherbergi eða að morgunmaturinn hefði kannski mátt vera fjölbreyttari. Nei, allir voru kátir og glaðir og jákvæðnin á lofti. Aðstaðan til að koma saman var eins og best verður á kosið, staðsetningin góð og veðrið í liði með okkur. Mikið var hlegið og heilmikið gengið. Heyrðist um vel yfir 20.000 skref eftir suma dagana hjá þeim hörðustu.

Við fórum í kvöldsiglingu á Signu með frábærum kvöldverði og lifandi söng. Ákváðum að taka leigubíla frá hótelinu þar sem um 6 km voru niður að bryggjunni þar sem báturinn myndi halda af stað. Fjórir stórir bílar komu og fluttu okkur örugglega á staðinn. Siglingin var skemmtileg og rúsínan í pylsuendanum var Effeltturninn sem tók á móti okkur uppljómaður við endastöðina. Stórfengleg sjón. En svo kom að því að koma sér aftur á hótelið, það varð nú heldur sögulegra. Bílstjórnir voru vægast sagt skrautlegir, aksturslagið sjokkerandi, þeir keyrðu hratt, töluðu út í eitt, mikið handapat og virtust ekki þurfa að horfa á vegina,



enda keyrði einn þeirra utan í reiðhjól þannig að manneskja lá í götunni en það var ekkert verið að kíkja nánar á það. Á endanum voru svo allir komnir í hús, nema þær heiðurskonur Unnur og María, sem höfðu farið tvær í bíl þar sem ekki var unnt að taka tvo í viðbót því bílstjórinn var með skrifstofuna sína í framsætinu. Var nú farið að grennslast fyrir um þær stóllur. Þegar náðist í þær reyndust þær komnar í annan bíl þar sem sá fyrri hafði skilið þær eftir á röngum stað, handan árinna. Hjálpsamur ungur maður hafði aðstoðar þær við að ná nýjum leigubíl eftir að hann hafði upplýst þær um að leiðin að hótelinu væri allt of löng til að ganga hana og það svona rétt fyrir miðnætti. Það er gott af því að vita að í stórborgum heimsins finnist ennþá heiðarlegt og hjálpsamt fólk.

Strax næsta morgun var svo haldið til Versala með leiðsögumanni. Það varð fljótlega ljóst að margir höfðu fengið sömu hugmyndina og var mannföldinn mikill. Við byrjuðum á því að skoða garðana og fyrir utan fegurðina í gróðri, skipulagi, gosbrunnum og stytum þá vakti það athygli okkar að víða um garðana voru vopnaðir hermenn á vappi. Eitthvað sem við eigum ekki að venjast hér. Þeir voru ekki hrifnir af myndatökum og létu hiklaust eyða myndum. Til að komast inn í höllina þurfti svo að fara í gegnum öryggisleit, líkt og á flugvöllum. Enginn skyldi komast hér inn með vopn á sér. Leiðsögumaðurinn okkar afhenti okkur heyrnartæki svo allir voru með hann í öðru eyranu. Fólksfjöldinn var svo mikill að í gegnum herbergi, eftir herbergi flutum við með straumnum í hænuskrefum og ekki laust við að þegar á leið hafi leiðsögnin farið fyrir ofan garð og neðan þegar athyglin sónaði út hjá liðinu. Enda margir ekki vanir mikilli ensku og það með frönskum hreim. En áhugavert var að skoða þessi að marga mati yfirhlöðnu, ofskreyttu, gulli prýddu herbergi og að ímynda sér hvernig líf fólksins

hafi verið á þessum tíma síðustu konunga Frakklands, fyrir byltinguna.

Eftir Versalaheimsókn fór leiðsögumaðurinn með okkur á landsvæði Maríu Antoniette síðustu drottningar Frakklands þar skammt frá. Hún kom frá Austurríki og með því að gifta hana krónprinsi Frakklands var vonast

til þess að erjur á milli landanna myndu mildast. María Antoniette var víst þekkt fyrir að vera léttúðug og gera lítið annað en að skemmta sér framan af. Á landsvæði sitt leitaði hún víst til að fá frið og ró. Parna vorum við ekki í eins miklu mannhafi og allt annað yfirbragð og afslappaðra. Það var ekki erfitt að sjá hvað það var sem María Antoniette sóttist eftir hér þegar hún flúði brjálæðið í höllinni. Hún varð ekki nema 38 ára gömul og endaði líf sitt undir fallöxinni en sagan segir að hún hafi síðustu ár ævi sinnar breyst í tignarlega konu sem sýndi mikið hugrekki á erfiðustu stundum lífs síns. Þetta er mikil saga og sáu margir eftir því að hafa ekki kynnt sér hana betur áður en haldið var til Versala.

Eftir að hafa upplifað öll helstu kennileiti stórborgarinnar, brýrnar, Effeltturninn, Notre Dame, Sigurbogann, Louvre og allar hinar stórkostlegu byggingarnar sem sjá má á hverju götuhorni Parísar, góðan mat og drykki, gott veður, nokkrar verslanir og alpahúfur var haldið heim á leið á tilsettum tíma og aldrei þessu vant stóðst áætlunin. Það sem upp úr stendur er frábær og dýrmætur félagsskapur og nokkuð víst að svona ferðir skila sér inn í starf klúbanna.



## Lionsklúbbur Mosfellsbæjar í Króatíu



Í tilefni af 60 ára afmæli Lionsklúbbs Mosfellsbæjar á þessu ári var lákveðið s.l. haust að efna til utanlandsferðar. Fyrir valinu varð að fara í helgarferð til borgarinnar Split í Króatíu dagana 15. – 19. maí. 9 félagar ásamt mökum tóku þátt í ferðinni sem heppnaðist frábærlega. Flogið var með flugfélaginu Play á flugvöllinn við Split og gist í 4 nætur á hinu nýja og glæsilega hóteli AC Marriott. Þetta hótél er 30 hæða turn og bjuggu flest okkar á 19. – 25. hæð þannig að ekki var hægt að kvarta yfir útsýninu yfir borgina. Á 17. hæðinni var góð bað- og líkamsræktaraðstaða. Á toppi turnsins er sundlaug en hún er ekki í notkun nema á sumrin. Með því að bóka hótelið s.l. haust fékkst gistingin á afar hagstæðu verði.

Split er dásamleg strandborg við Adríahafið og vinsæll ferðamanna- staður í Króatíu. Split er önnur stærsta borg Króatíu en í henni búa víst rúmlega 160.000 manns. Borgin er rík af sögu og á rætur sínar að rekja aftur til 2. aldar f. Kr. og þessi mikla saga er merkjanleg þegar gengið er um gamla bæinn. Megnið af elsta hluta borgarinnar tilheyrir svokallaðri Höll Diónkletíanusar sem er í raun gamalt borgarvirki frekar

en höll. Svæðið er á heimsminjaskrá Unesco. Göngutúr um Split einkennist af fallegum steinlögðum strætum, fornum rómverskum rústum og mögnuðu sjávarútsýni. Á göngugötunni við höfnina er fjöldi veitingastaða sem gaman er að tylla sér inn á og maturinn er góður.

Hópurinn fór í siglingu til eyunnar Hvar en þar er gömul og falleg borg sem gaman er að röltu um og skoða. Sigling þangað frá Split tók u.þ.b. klukkutíma með hraðskreiðu farþegaskipi.

Eitt kvöldið var sameiginlegur kvöldverður hópsins á góðu veitingahúsi í miðbænum en að öðru leiti var tíminn frjálss þannig að hver og einn gat notað hann eftir vild.

Myndir segja meira en mörg orð og hef ég þau ekki fleiri um þessa frábæru ferð.

Magnús Sigsteinsson



## Lionsklúbburinn Eik

Lokafundur Lkl. Eikar var haldinn á Lveitingarstaðnum Kriunesi þriðjudaginn 20. maí. Ása lét af formennsku en Guðrún Björt og hennar stjórn kynnt til leiks og sérstakur hátíðarmatur borðaður í tilefni af 40 ára starfsafmæli klúbbsins. Auk nærandi léttmetis fyrir sálina að venju. Þó formlegu fundarhaldi sé lokið þetta starfsárið biða nokkur verkefni þess að vera unnin áður en farið verður í sumarfrí. Fyrirhugað er að fara í Smalaholtið 5. júní.


Framundan er svo afmælisferðin en haldið verður í siglingu á Rín.

Við höldum áfram að halda upp á þessi merku tímamót allt árið.

*Laufey Jóhannsdóttir*



## Lionsklúbbur Eskifjarðar



20. maí afhentum við í Lionsklúbbi Eskifjarðar formlega Sundlaug Eskifjarðar gjöf að upphæð 1200 þúsund sem fór upp í kaup á lyftu fyrir hreyfihamlaða. Bæjarstjóri Fjarðabyggðar Jóna Árný Þórðardóttir tók á móti gjöfinni úr hendi Ásbjörns Guðjónssonar formans fjárlaganefndar Klúbbsins. Lionsfélagar eru stoltir af gjöfinni og megi lyftan nýtast þeim vel sem þurfa. Laufey










# Nóvember – myndasíða

■ Bryndís McFadden Ragnarsdóttir

■ Skarphéðinn Bergmann Jónsson

■ Guðmundur Jónsson







## Lionsklúbburinn Víðarr

Lionsklúbburinn Víðarr fór í árlega Lvorferð ásamt mökum í maí síðastliðnum. Að þessu sinni var förinni heitið í Viðey í blíðskapar veðri. Eyjan var skoðuð undir leiðsögn og í lok ferðar var lokafundur klúbbsins. Þar voru stjórnarskipti og borðaður góður matur. Það voru síðan glaðir lionsfélagar ásamt mökum sem héldu heim saddir og ánægðir með góðan dag.

*Porkell Cýrusson*



# Lionsklúbbur Vestmannaeyja



Lionsmenn í Vestmannaeyjum hafa notað helgina (16. til 18. maí) og ferðast um Hekluslóðir og gist á Landhótelu.

Lagt var af stað með Herjólfu kl. 17,00 á föstudaginn var og keyrt eins og leið lá að hótelineu þar sem við komum okkur fyrir og borðuðum góðan kvöldmat.

Í þessa ferð vorum við með okkar besta rútu og leiðsögumann Alfreð Alfreðsson og vel fór um alla í lúxusrútu hans. Eftir morgunmat á laugardagsmorgni var farið í rútna og keyrt eins og leið lá að Fossbrekkum og fallegu fossarnir þar skoðaðir. Þaðan var keyrt að Hrauneyjum og þar sá Sigmar um að kaupa hádegismatinn fyrir okkur. Hádegismaturinn var í kössum en rann vel í mannskapinn. Næsti áfangastaður var Háifoss, tignarlegur foss með 92 metra fall og er því þriðji hæsti foss á Íslandi. Granni er alveg við Háafoss og er líka hrikalega flottur foss. Frá fossunum var keyrt að Gjánni sem er einstakur vin í eyðimörkinni sem þarna er, við vorum nokkur sem gengum þar niður og nutum náttúrufegurðinnar.

Næst lá leið okkar að Þjóðveldisbænum í Þjórsárdal og fengum við einkaleiðsögn forstöðukonunar á staðnum. Skemmtilegt að skoða þennan víðfræga bæ og Stafkirkjuna sem er þar fyrir utan. Sú kirkja er vígð og hefur verið notuð til kristilegra athafna. Nú eru töluverðar

endurbætur í gangi með Þjóðveldisbæinn enda þarf að halda honum vel við. Frá Þjóðveldisbænum var ekið að Hjálparfossi og hann skoðaður, ótrúlega fallegur foss.

Nú var ekið niður Þjórsárdalinn og að Þjóðvegi 1 og haldið til baka á Landhótel. Þegar allir höfðu gert sig klára og dubbað sig upp var borðaður gala matur á hótelineu eftir að Væb hafði tryllt lýðinn á hótelineu, við skulum ekkert ræða um stigagjöfina sem kom á eftir.

Ég þurfti að yfirgefa hópinn og halda heim á leið, því miður, en svona er þetta þegar maður rekur lítið fyrirtæki og þarf að þjónusta viðskiptavinum sína. Tvö önnur urðu líka að halda heim á leið og voru samferða mér heim.

Góðir Lionsmenn í Vestmannaeyjum, makar ykkar og Alfreð rútukall, takk fyrir góða helgi og skemmtilega.

# Lionsklúbburinn Úa



Dansað í Hlégarði.



Dansað í Hlégarði.



Í Uppspuna.



Í Uppspuna.



Komið við í Lindinna á Selfossi.




Skoðað í Uppspuna.



Sól í Hellisskógi.



Hellisskógur.



Vorferðin endaði í sumarbústað.



Porraþema á fundi.



Óvænt heimsókn til Auðar Ottesen.

Lionsklúbburinn Úa hélt Dansiball í Hlégarði L í lok apríl í samvinnu við Hilmar umsjónar- mann Hlégarðs. Þetta heppnaðist einkar vel og svo vel að margir gestir stungu uppá að Úur skyldu halda Dansiball í hverjum mánuði! Í byrjun var boðið uppá „happy hour“ stemmingu og spiluðu Sigurður Hansson og Arnór Sigurðs- son fyrir gesti og náðu heldur betur upp

stemmingu. Eftir að þeir feðgar hættu að spila hélt hljómsveitin Blek og byttur uppi fjörunu í stóra salnum þar sem dansað var stanslaust í nokkra klukkutíma og því líkt fjör og því líkur hiti og sviti. Ballið var ein af fjáröflunum klúbbsins og ber að þakka þeim sem komu að þessu hvort heldur sem var til að skemmta sér eða hjálpa til enda bæði hlutverk mjög mikilvæg.

Vetrarstarf klúbbsins hefur gengið vel að vanda og margt verið gert til gagns og gamans. Fundað sem fyrr fyrsta mánudag í hverjum mánuði og svo hist í skemmtilegri útivist þess á milli en þar skiptast konur á að skipuleggja og vantar ekkert uppá hugmyndir.

Lokafundurinn var í byrjun maí þar sem fóru fram stjórnarskipti og litið yfir starfsárið.


*Barbjónar Skafti, Tobba og Kiddi.*

*Dyraverðir.*

*„Happy hour“ stemmning með Sigga og Arnóri.*

*Hér er fjör.*

*Kátar skoðsur Kristín og Ída.*

*Úu skál.*

*Úur á góðri stund.*

Tveir nýir félagar bættust við 2025 enda eftirsótt að vera Úa.

Þá var farin vorferð um miðjan maí í blíðskaparveðri þar sem komið var við á ýmsum áhugaverðum stöðum eins og Lindinni á Selfossi þar sem boðið var uppá veitingar og afslátt af flottum klæðnaði og kunnu konur að meta það. Komið var við og hlustað á athyglisverða kynningu í Uppspuna í Ásahreppi og svo einnig komið við Hellisskógi í Árborg þar sem var

sungið og sprellað, borðað á MIKA í Reykholti og endað í sumarbústað eins félagsins.


Líkt og lionsfólk veit þá er eitt af því sem Lions leggur áherslu á umhverfismál. Þann 5. júní er alþjóðlegi umhverfisdagurinn þar sem mælt er til að klúbbar sinni einhverjum umhverfismálum eins og að gróðursetja tré eða tína rusl. Lionsklúbburinn Úa hefur sinnt gróðurreit í Skammadal og þar verður tekið til hendinni í kringum þennan dag. Félagar hafa

tekið lítil sjálfsáð tré úr gördum klúbbfélaga og sett í dalla og látið vaxa nokkur ár og gróðursett síðan í reitinn. En það er tilvalið að bjarga litlu trjánum og færa þau á betri stað.

*Með bestu kveðju,  
Þorbjörg Friðriksdóttir*

# Lionsklúbburinn Eik veitir styrki

## Lionsklúbburinn Eik styrkir Skjólíð



Skjólíð er opið hús fyrir konur sem glíma við heimilisleysi, búa við óöruggar aðstæður eða eru nýkomnar í búsetuúrreði eftir heimilisleysi. Skjólinu er ætlað að vera öruggur samastaður sem konurnar geta sótt að deginum til. Unnið er eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði og er starf Skjólsins þróað og mótað með þeim konum sem það sækja.

Skjólíð er opið klukkan 11:00 – 16:00 alla virka daga og er staðsett á neðri hæð Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66. Í Skjólinu er boðið upp á léttan og næringarríkan hádegismat, hreinlætisaðstöðu þar sem konur geta farið í sturtu og þvottaaðstöðu þar sem þær geta þvegið af sér. Aðstaða er til hvíldar, tómstundaiðkunar og annarrar afþreyingar auk þess sem aðgengi er að nettengdum tölvum. Þær fá ýmsa aðstoð við það sem þær sjálfar leggja áherslu á eins og aðstoð við að nálgast félagsþjónustu, nálgast þjónustu heilsugæslu eða aðra þá aðstoð sem þær þurfa á að halda og miðast við að þær sjálfar óski eftir.

Starfskonur Skjólsins eru Rósa Björg Brynjarsdóttir, umsjónarkona, og Una Sigrún Ástvaldsdóttir. Þær eru einstaklega hjartahljár og gott að leita til þeirra. Velunnarar Skjólsins eru hjálparstofnun kirkjunnar og nýtur Skjólíð styrkja frá þeim sem og frá fleiri stuðningsaðilum.

Lionsklúbburinn Eik hefur veitt Skjólinu margvíslega styrki einar og með aðstoð fyrirtækja. Fjáröflunarkvöldverður var haldinn í febrúar og var innkoma hans nýtt til búnaðarverka og fleira fyrir Skjólíð. Costco hafði styrk klúbbinn með því að gefa honum 40 baktöskur sem klúbburinn færði síðan Skjólinu að gjöf sem kemur sér mjög vel þar sem oftast en ekki rúmast eigur skjólstaðinga Skjólsins í einni slíkri tösku.

Skjólíð hafði sérstaklega óskað eftir stuðningi við endurnýjun á búnaði í móttökuherberginu og var hafist handa við að afla tilboða í húsbúnað fyrir herbergið. Verslunin Dorma bauð afar góð kjör á

húsgögnum sem hafa nú þegar verið keypt. Í ljós kom að þörf var á að lagfæra herbergið sjálft og það vildi svo vel til að eiginmenn tveggja félagskvenna í Eikinni, þeir Skúli Gunnar Böðvarsson og Þorsteinn Jóhannsson, tóku að sér að spatsla og mála herbergið. Eiknarkonur nutu áfram velvildar þar sem Málning ehf gaf alla málningu sem til verksins þurfti.

Það er ómetanlegt fyrir Lionsklúbbinn Eik að eiga góða bakhjarla því með þeirra stuðningi getur Lionsklúbburinn Eik lagt lið.

### Lionsklúbburinn Eik styrkir Örninn

Lionsklúbburinn Eik færði nýlega Minningar- og styrktar sjóðnum Erninum gjöf að upphæð kr. 200.000.

Minningar- og styrktar sjóðurinn Örninn býður upp á helgardvöl og samverur fyrir börn og unglinga sem hafa misst náinn ástvin. Samverurnar eru þátttakendum að kostnaðarlausu en verkefnið reiðir sig á styrki auk þess sem allir starfsmenn eru sjálfbóðaliðar.

Matthildur Bjarnadóttir prestur í Garðasókn tók við gjafabréfinu en þær Ása Hildur Baldvinsdóttir formaður, Kristín Pálsdóttir formaður fjáröflunarnefndar og Laufey Jóhannsdóttir formaður verkefnanefndar afhentu gjöfina fyrir hönd Eikar.

### Lionsklúbburinn Eik styrkir Ljósberasjóð Garðasóknar

Lionsklúbburinn Eik færði í nýlega Ljósberasjóði Garðasóknar gjöf að upphæð kr. 100.000. Hlutverk Ljósberasjóðs er að styðja við börn og unglinga í Garðabæ í samræmi við samþykktir sjóðsins. Það hefur reynst ómetanlegt að eiga þennan sjóð og það eru mörg ungmenni sem hafa notið styrkveitingar úr sjóðnum.

Ljósberinn er við vesturvegg Vídalínskirkju er hannaður og gerður



Rósa Björg kynnir Eikarfélagum Skjólíð

Séra Matthildur Bjarnadóttir prestur í Garðasókn tekur við gjafabréfinu.

af Gunnsteini Gíslasyni. Ljósberinn og málverkið af Jesú eftir Baltasar eru gjafir til minningar um Einar og Guðrúnu Farestveit, gefnar af afkomendum þeirra.

Matthildur Bjarnadóttir prestur í Garðasókn tók við gjafabréfinu en þær Ása Hildur Baldvinsdóttir formaður, Kristín Pálsdóttir formaður fjárflounarnefndar og Laufey Jóhannsdóttir formaður verkefnanefndar afhentum fyrir hönd Lk Eikar.

#### Ísafold – Hrafnisti í Garðabæ fær gjöf frá Lionsklúbbnum Eik

Lionsklúbburinn Eik færði heimilisfólkinu á hjúkrunarheimilinu Ísafold - Hrafnisti í Garðabæ forlata nuddstól af gerðinni Alpha at 5000. Stólinn er á 3ju hæðinni og á eftir að nýtast heimilisfólkinu vel. Um er að ræða mjög fullkominn nuddstól sem hægt er að stilla allt að óskum og þörfum hvers og eins. Bæði á baki og fótum og er mjög góður til þess að koma blóðflæðinu á hreyfingu, örva blóðflæðið.

Það voru þær Sara Pálmadóttir, Bína hjúkrunardeildarstjóri og Svanhvít frá dagdvölinni ásamt starfsfólkinu sem tóku á móti félögum í Lionsklúbbnum Eik. Sara veitti viðtöku gjafabréfinu en þær Guðrún Björt Yngvadóttir varaformaður, Kristín Pálsdóttir formaður fjárflounar-

nefndar, Laufey Jóhannsdóttir formaður verkefnanefndar Steinunn Jóhannsdóttir, Erna Aradóttir, Lissý Halldórsdóttir og Auður Jóhannsdóttir afhentu fyrir hönd Lkl. Eikar íbúunum stólinn til endurhæfingar og notkunar.

Það var strax ljóst að heimilisfólkið kunni afskaplega vel að meta stólinn og létu fara vel um sig um leið og rafknúð nuddtækið fór um líkamann. Fjár til kaupanna aflaði Lionsklúbburinn Eik með því að halda bingó og að hluta til með innkomu af afmælisfögnuði sem haldinn var í vetur.

*Laufey Jóhannsdóttir formaður verkefnanefndar Eikar*

## Fjölbreyttur starfsvetur hjá Lionklúbbnum Dynk



Sigmar og Oddur selja Rauðu fjöðrina.



Hlynur formaður færir Guðrúnu Birnu fána klúbbsins.



Guðrún Birna kynnir starfsemi Pieta samtakanna.



Elísabet syngur fyrir gesti.



Séra Óskar og Hlynur.



Sigvaldi, Guðmundur, Sigurður, Oddur og Örlygur planta birki á Vikrunum í Þjórsárdal.

Lionsklúbburinn Dynkur starfaði af þrótti í vetur. Reglulegir fundir í Lhöfuðstöðvum klúbbsins á Hestakránni á Skeiðunum voru vel sóttir. Margir góðir gestir sóttu klúbbinn heim og má segja að fjölbreytni hafi einkennst starfsemina. Þá var ákveðið að fjölga fundum úr einum í tvo á mánuði og hleypa þannig auknu lífi í starfið.

Árlegt Schnitselkvöld tókst vel en það er fjáröflunarkvöld Dynks. Þá var hressilega tekið á því við sölu Rauðu fjaðrarinnar við helstu verslanir og samkomustaði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, auk Hrunamannahrepps.

Jólahlaðborðið var haldið í Árnasi þar sem séra Óskar H. Óskarsson var ræðumaður og Elísabet Björgvinsdóttir söng fyrir gesti. Bæði fóru á kostum þar sem þau sungu og töluðu inn aðventuna.

Á fundi klúbbsins í mars kynnti Guðrún Birna Ingimundardóttir, markaðsstjóri Pieta samtakanna, starfsemi þeirra. Pieta samtökin sinna forvarnar-, fræðslu- og meðferðarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og styðja við aðstandendur.

Vetrarstarfinu lauk með stjórnarskiptafundi. Bjarni Hlynur Ásbjörnsson tekur við formennskunni af Hlyni Árnasyni, undirritaður verður ritari og Oddur Guðni Bjarnason gjaldkeri annan starfsvetur.

Björgvín G. Sigurðsson.